

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála

Föstudaginn 12. júlí 2002, vegna ágreiningsmáls nr. 2/2002;

Ingveldur Bjarnadóttir gegn Íslandspósti hf.

er af úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála kveðinn upp svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R

I.

Þann 12. júlí 2002, að Vegmúla 2, Reykjavík er tekið fyrir hjá úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, kæra Ingveldar Bjarnadóttur dags. þann 18. apríl 2002, þar sem kærður er úrskurður Póst- og fjarskiptastofnunar dags. þann 20. mars 2002, í ágreiningsmáli milli kæranda og Íslandspósts hf. Kæruheimildin byggir á 1. mgr. 10. gr. laga nr. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Nefndina skipa: Ólafur Garðarsson hrl., formaður og meðnefndarmennirnir Heimir Haraldsson endurskoðandi og Þórarinn K. Ólafsson verkfræðingur.

Ofangreind kæra er sett fram með þeim hætti að Ingveldur Bjarnadóttir kærir niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar dags. þann 20. mars 2002 þar sem Íslandspósti er heimilað að setja póst sem stílaður er að Árgerði í póstkassa sem staðsettur er við heimreið að Árgerði. Síðan er sú krafa gerð af hálfu Ingveldar Bjarnadóttur að Íslandspósti verði gert að bera út póst heim að bæjum sem tilheyra dreifbýli þannig að hún fái póstinn inn um bréfalúgu hússins.

Sú ákvörðun var tekin af nefndinni að aðild að ágreiningsmáli þessu fyrir nefndinni skyldi háttað þannig að Ingveldur Bjarnadóttir yrði sóknaraðili og Íslandspóstur hf. yrði varnaraðili. Jafnframt skyldi Póst- og fjarskiptastofnun kynnt gögn í málinu og stofnuninni gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Ennfremur var tekin sú ákvörðun að úrskurður nefndarinnar verði einskorðaður við atvik er varða kæranda og Íslandspóst hf. sérstaklega með vísan til úrskurðar Póst- og fjarskiptastofnunar, sem tók aðeins til þessa afmarkaða þáttar málsins.

Með bréfi nefndarinnar dags. þann 7. maí 2002 var varnaraðila Íslandspósti hf. sent afrit ofangreindrar kæru ásamt fylgigögnum og var óskað eftir greinargerð. Greinargerð varnaraðilans Íslandspósts hf. dags. þann 16. maí ásamt fylgigögnum, barst nefndinni síðan þann 17. maí 2002. Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar dags. þann 17. maí 2002 bárust síðan nefndinni sama dag.

Nokkuð dróst að kveða upp úrskurð í þessu máli einkum vegna þess að um tíma voru nokkrar líkur á því að sættir tækjust með aðilum. Vegna sumarleyfa komst það ekki á

hreint fyrr en 8. ágúst s.l. að Íslandspóstur hf. sá sér ekki fært að bjóða fram sættir í málinu.

Aðilar málsins hafa lýst því yfir að munnlegur málflutningur fyrir nefndinni sé ekki nauðsynlegur og verður því úrskurðað í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

I.

Kröfur málsaðila:

Krafa sóknaraðila, Ingveldar Bjarnadóttir, er sú að Íslandspósti hf. verði gert að bera út póst heim að bæjum sem tilheyra dreifbýli þannig að hún fái póstinn inn um bréfalúgu hússins að Árgerði, 620 Dalvík.

Varnaraðili, Íslandspóstur hf., gerir þá kröfu að úrskurður Póst- og fjarskiptastofnunar frá 20. mars 2002 verði staðfestur.

II.

Málavextir:

Málsatvik eru með þeim hætti að sóknaraðili lagði fram ódags. kvörtun, sem barst Póst- og fjarskiptastofnun þann 24. október 2001 vegna póstútburðar að Árgerði, 620 Dalvík. Málavextir voru þeir að sóknaraðili taldi að hann nyti ekki sömu póstþjónustu og aðrir íbúar Dalvíkur þar sem Íslandspóstur hf. hafði sett upp póstkassa við heimreið að húsinu og setji allan póst þar í. Sóknaraðili taldi að Íslandspósti hf. bæri að fara með allan póst heim að Árgerði og setja hann í póstkassa eða inn um lúgu á húsinu. Ýmis fylgigögn fylgdu kvörtun þessari varðandi það sem gengið hafði á milli sóknar- og varnaraðila málsins um fyrirkomulag póstútburðar að Árgerði, Dalvík.

Póst- og fjarskiptastofnun óskaði eftir athugasemdum aðila í samræmi við 7. gr. laga nr. 110/1999 og svaraði varnaraðili með bréfi dags. þann 6. nóvember 2001. Með úrskurði Póst- og fjarskiptastofnunar dags. þann 20. mars 2002 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að þó að ekkert í lögum né reglugerðum segi til um hvort bera eigi út með bréfbera til viðtakenda eða með landpósti, megi slá því föstu að löng hefð sé fyrir því að bréfberar sjái um útburð innan þéttbýlis og landpóstar utan þéttbýlis, þótt eflaust megi finna einhverjar undantekningar á því í kringum landið.

Stofnunin kemst síðan að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum að Árgerði tilheyri ekki þéttbýli Dalvíkur. Með vísan til 7. mgr. 12. gr. reglugerðar um grunnpóstþjónustu nr. 505/1997 er það síðan niðurstaða stofnunarinnar að Íslandspóstur hf. hafi fulla heimild til að standa að útburði á pósti heima að Árgerði með þeim hætti sem hann hefur gert, þannig að Íslandspósti hf. er heimilt að setja póst sem stílaður er að Árgerði í póstkassa sem staðsettur er við heimreið að Árgerði.

Varnaraðili kærði ofangreindan úrskurð sbr. kæru Ingveldar Bjarnadóttur dags. þann 18. apríl 2002, þar sem kærður er úrskurður Póst- og fjarskiptastofnunar dags. þann 20. mars 2002, í ágreiningsmáli milli kæranda og Íslandspósts hf.

Kæruheimildin byggir á 1. mgr. 10. gr. laga nr. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Með bréfi nefndarinnar dags. þann 7. maí 2002 var varnaraðila Íslandspósti hf. sent afrit ofangreindrar kæru ásamt fylgigögnum og var óskað eftir greinargerð.

Greinargerð varnaraðilans Íslandspósts hf. dags. þann 16. maí ásamt fylgigögnum, barst nefndinni síðan þann 17. maí 2002.

Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar dags. þann 17. maí 2002 bárust nefndinni sama dag.

III.

Málsástæður sóknaraðila

Af hálfu sóknaraðila, Ingveldar Bjarnadóttur, er á því byggt að sama þjónusta eigi að vera fyrir alla og er vísað til sömu raka og sóknaraðili byggði á við kvörtun sína. Jafnframt byggir sóknaraðili á eftirfarandi í kæru sinni en orðrétt segir í fylgiskjali með kæru sóknaraðila:

1. “Það fá ekki allir sömu þjónustu. Telur sóknaraðili að verið sé að mismuna fólki og að hún eigi allavega sama rétt og aðrir enda segir í úrskurði að Íslandspósti hf. sé heimilt þar segir ekki skylt. Þarna telur sóknaraðili að um geðþóttaákvæðanir séu látnar ráða ferðinni en ekki þjónusta.
2. Sóknaraðili bendir á að það gangi ekki það sama yfir aðra íbúa Dalvíkurbyggðar sem búa í þéttbýli, þeir fái póstinn að sjálfsögðu inn um bréfalúguna hjá sér. Þar fái sóknaraðili greinilega ekki sömu þjónustu og aðrir.
3. Að lokum bendir sóknaraðili á að Íslandspóstur hafi komið með stórvirkar vinnuvélar og hafi grafið og steipt niður póstkassa í heimreið sóknaraðila. Spyr sóknaraðili hvort það stangist ekki á við þetta eða hafi Íslandspóstur hf. bara leyfi til að fara inn á lóðir hjá fólki og grafa og steypa að vild, það hafi ekki verið gert með leyfi sóknaraðila.”

IV.

Málsástæður varnaraðila

Af hálfu varnaraðila, Íslandspósts hf., er vísað til rökstuðnings þess sem fram kemur í hinn kærðu ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar en jafnframt er byggt á eftirfarandi:

1. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 505/1997 um grunnpóstþjónustu, skulu í þéttbýli og annars staðar þar sem póstútburður fer fram vera póstkassar eða póstrifur á eða við útihurðir húseigna. Í 7. mgr. 12. gr. segir síðan, að þar sem bifreiðar eru notaðar við útburð póstskali skuli setja upp kassa við vegamót eða girðingarhlið og skulu slíkir kassar staðsettir þannig að auðvelt sé að láta í þá póstsendingar án þess að stíga þurfi út úr bifreiðinni.

2. Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði liggur fyrir að húseign kæranda, Árgerði, er utan þéttbýlis. Hefur Íslandspóstur hf. ótvíræða heimild til að sinna póstdreifingu með bifreið í skilningi 7. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar og skal þá útburði háttað með þeim hætti sem greinir í hinum kærða úrskurði.
3. Mótmælt er að í útburðarþjónusta Íslandspósts hf. felist mismunun sem teljist ólögmat eða helgist af geðþóttaákvörðunum. Kröfur Íslandspósts hf. sem gerðar eru til útburðaraðila pósts eru sambærilegar alls staðar á landinu, en rétt er að vekja athygli á því að t.d. landpóstþjónusta byggir á sérstökum verksamningum við landpósta, þar sem gerðar eru tilteknar lágmarkskröfur. Þó svo að í framkvæmd sé í einhverjum tilvikum gengið lengra en útburðarreglur Íslandspósts hf. kveða á um getur ekki verið um ólögmeta mismunun að ræða. Um ólögmeta mismunun getur eingöngu verið að ræða, ef lágmarksþjónusta er ekki veitt með sambærilegum hætti á grundvelli reglugerðar. Íslandspóstur hf. gerir ekki kröfu til dreifingaraðila, útburðarfólks eða landpósta, að þeir gangi lengra en að framan er rakið.

Íslandspóstur hf. telur jafnframt rétt að taka fram, að af hálfu Íslandspósts hf. var litið svo á að samkomulag væri um uppsetningu umrædds póstkassa eða að kæranda væri a.m.k. ljóst að slíkt var ráðgert, án þess að því væri mótmælt sérstaklega. Þar sem póstkassi hefur verið settur verður ekki séð að kærandi hafi lengur hagsmuni af því að kæra uppsetningu póstkassa til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, enda hefði nefndin ekki að lögum heimild til að mæla fyrir um niðurtöku póstkassa og viðeigandi búnaðar.

V. Niðurstaða

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins, farið yfir rökstuðning aðila, kynt sér lög, reglugerðir og aðrar réttarheimildir og fundað um ágreininginn. Aðilar málsins voru sammála um að munnlegur málflutningur fyrir nefndinni hafi verið óþarfur og verður því úrskurðað í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Ljóst er að þegar Póst- og fjarskiptastofnun barst dags. þann 24. október 2001, ódags. kvörtun Ingveldar Bjarnardóttur, ásamt fylgigögnum vegna póstuútburðar að Árgerði, 620 Dalvík voru í gildi lög um pósthjónustu, nr. 142/1996, með síðari breytingum og jafnframt var í gildi reglugerð nr. 505/1997 um grunnpósthjónustu, sem sótti lagastoð sína í þágildandi lög um pósthjónustu nr. 142/1996. 18. mars 2002 tóku gildi ný lög um sama efni nr. 19/2002 lög um pósthjónustu. Eftir afnám fyrrnefndu laganna sækir reglugerð nr. 505/1997 um grunnpósthjónustu nú lagastoð í lög um pósthjónustu nr. 19/2002.

Í lögum nr. 19/2002 um pósthjónustu er fjallað um reglur um pósthæðferð í XII. kafla laganna. Nánar er síðan fjallað um móttöku og afhendingu póstsendinga í 31. gr. laganna og í 3. mgr. þeirrar greinar er fjallað um dreifingu og afhendingu póstsendinga. Þar segir: „Póstsendingu skal dreift til eða afhent þeim aðila sem hún er stíluð á eða hefur umboð til

viðtöku hennar, í bréfastassa eða pósthólf viðtakanda eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um. Póstrekendum er heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfariftur og bréfastassar viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar”. Ekki er öðrum lagaákvæðum til að dreifa sem taka beint á því álitafni sem hér er til úrskurðar.

Í reglugerð nr. 505/1997 um grunnpóstþjónustu er síðan að finna nánari fyrirmæli um framkvæmd laga um póstþjónustu. Eina ákvæðið sem til er að dreifa í reglugerð þessari um ágreiningsefnið er 12. gr. reglugerðarinnar sem fjallar um bréfastassa og bréfarifur. Í 7. mgr. 12. gr. segir: „Þar sem bifreiðar eru notaðar við útburð pósts skal setja upp kassa við vegamót eða girðingarhlið og skulu slíkir kassar staðsettir þannig að auðvelt sé að láta í þá póstsendingar án þess að stíga þurfi út úr bifreiðinni”.

Hvorki í lögum um póstþjónustu né reglugerð um grunnpóstþjónustu er kveðið skýrt á um það hvort bera eigi út með bréfbera til viðtakanda eða með landpósti og virðist ekki gerð tilraun til að skipa málum með þeim hætti að skýrt sé. Sett er almennt skilyrði í 2. mgr. 12. gr. fyrirnefndar reglugerðar að í þéttbýli og annars staðar þar sem póstútburður fer fram séu kassar og bréfariftur á eða við útihurðir.

Eins og þetta orðalag ber skýrlega með sér er hér í raun um almennt skilyrði að ræða varðandi öll þau svæði sem póstútburður fer fram og er hér ekki verið að aðgreina með neinum hætti mismunandi útburð í þéttbýli og dreifbýli. Í 7. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar segir aðeins að þar sem bifreiðar séu notaðar við útburð skuli setja kassa við vegamót og er ekki nánar fjallað um skilgreiningu á því hvar og hvenær nota skuli bifreiðar við útburð. Virðist ákvörðun varðandi mat á hvar og hvenær nota skuli bifreið við útburð vera algjörlega í höndum Íslandspósts hf. Engar almennar og hlutlægar reglur virðast vera í gildi sem takmarki vald Íslandspósts hf. til að meta ofangreint.

Markmið laga nr. 19/2002 um póstþjónustu er m.a. að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu, sbr. 2. gr. laganna. Í 6. gr. sömu laga er síðan lögð sú skylda á íslenska ríkið að tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu, alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Í frumvarpi með ofangreindum lögum er tekið skýrt fram að markmið með frumvarpinu til laga um póstþjónustu sé m.a. að kveða skýrar á um rétt landsmanna til lágmarkspóstþjónustu með því að taka upp hugtakið alþjónusta í stað hugstaksins grunnpóstþjónusta. Aðaláhrif þessara breytinga eru að lögin skuldbinda íslenska ríkið til að tryggja landsmönnum jafnan aðgang að póstþjónustu og þá sérstaklega með vísun til tilskipunar ESB 97/67/EB um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins og aukin gæði póstþjónustunnar.

Nefndin telur að með hliðsjón af ofangreindum skýrum markmiðum og ákvæðum laga nr. 19/2002 um póstþjónustu og þá sérstaklega með hliðsjón af jafnræðisreglu laganna að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta þurfi að koma til mun skýrari og afdráttalausari ákvæði í lögum og/eða reglugerðum svo hægt sé að neita sóknaraðila málsins um að póstur sem merktur er Árgerði, 620 Dalvík sé borinn út og hann settur í póstkassa eða inn um lúgu á húsinu. Telur nefndin að í máli þessu sé Íslandspósti hf. óheimilt að setja póst sem stílaður er á Árgerði, 620 Dalvík í póstkassa

sem staðsettur er við heimreið að Árgerði og því er úrskurður Póst- og fjarskiptastofnunar felldur úr gildi.

Vilji aðilar bera úrskurð þennan undir dómstóla verður það að gerast innan sex mánuða frá því að þeir fengu vitneskju um hann.

ÚRSKURÐARORÐ

Úrskurður Póst- og fjarskiptastofnunar frá 20. mars 2002 er felldur úr gildi. Íslandspósti hf. er ekki heimilt að setja póst sem stílaður er að Árgerði, 620 Dalvík í póstkassa sem staðsettur er við heimreið að Árgerði heldur skal hann borinn að bænum og settur þar í bréfastakassa eða inn um bréfalúgu.

Reykjavík, 14. ágúst 2002

Ólafur Garðarsson hrl.

Heimir Haraldsson

Þórarinn K. Ólafsson